

Miðsumarmót / 50 ára Afmælistmót Brokey

12. til 13. júní 2021

Kappsiglingafyrirmæli

1 REGLUR

- 1.1 Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í *Alþjóða kappsiglingareglum*. (RRS) og kappsiglingafyrirmælum SÍL

2 BREYTINGAR Á KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLUM

- 2.1 Allar breytingar á kappsiglingafyrirmælum verða birtar fyrir klukkan 09:00 daginn sem þær taka gildi, undanskilið eru allar breytingar á keppnisáætlun sem þarf að birta fyrir klukkan 20:00 daginn áður en þær taka gildi.
- 2.2 Gera má breytingar á siglingafyrirmælum á vatni/sjó með því að birta þær á upplýsingatöflu á skut keppnisstjórnarbáts.

3 TILKYNNINGAR TIL KEPPENDA

- 3.1 Tilkynningar til keppenda verða birtar á vefsíðunni <https://brokey.is/keppnismal/> eða á upplýsingatöflu við skrifstofu keppnisstjórnar.
- 3.2 Skrifstofa keppnisstjórnar er staðsett í húsnæði félagsins fyrir ofan ylströndina í Nauthólsvík. Sími: 7712090. Tölvupóstfang: olafur@brokey.is
- 3.3 Keppnisstjórn notar VHF rás 6 fyrir öll samskipti.
- 3.4 Á meðan á keppni stendur (tekur gildi við fyrsta viðvörunarflaut) mega keppendur ekki nota talstöðvar eða önnur samskiptatæki nema í neyðaratilvikum og ef allir keppendur fá sömu upplýsingar. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma.

4 SIÐAREGLUR

- 4.1 Keppendur og stuðningsaðilar skulu fylgja sanngjörnum fyrirmælum frá keppnisstjórn. Sjá einnig siðareglur ÍSÍ
- 4.2 Keppendur og stuðningsaðilar skulu fara vel með [öll tæki][eða][auglýsingar] sem keppnisstjórn lætur í té og fylgja leiðbeiningum keppnisstjórnar um notkun án þess að eiga við virkni.

5 MERKI Í LANDI

- 5.1 Merki í landi verða birt á fánastöng við klúbbhús.
- 5.2 Ef merkjaflagg AP er flaggað á landi, þá er í það minnsta klukkustund í ræsingu á keppni.
- 5.3 Merkjaflagg D með einu hljóðmerki merkir að bátar skulu ekki fara á sjó fyrr en merkjaflaggið hefur verið tekið niður.

6 TÍMAÁÆTLUN

- 6.1 Tímaáætlun fyrir keppnir:

Keppni 1: 9:30.

Keppni 2: 10:30

Keppni 3: 11:30

- 6.2 Áætlaður tími fyrir viðvörunarmerki fyrir fyrstu keppni hvers dags er kl. 9:25.
- 6.3 Appelsínugula flaggið sem markar ráslínu verður sett upp með einu flauti amk 5 mínútum áður en viðvörunarmerki verður gefið til að vara keppendur við að keppni eða röð af keppnum sé að hefjast.
- 6.5 Á síðasta áætlaða keppnisdegi verður ekki gefið viðvörunarmerki eftir kl. 15:00

7 FLOKKAFLÖKK

- 7.1 Flokkaflagg fyrir alla flokka nema Optimist er fáni með merki "BROKE". Flokkaflagg fyrir Optimist er grænn fáni með Optimist merkinu.

8 KEPPNISSVÆÐIÐ

- 8.1 Keppnissvæðið er á Fossvogi og Skerjafirði þar sem keppnisstjórnarbátur kemur sér fyrir og viðeigandi baujur eru staðsettar.

9 BRAUTIR

9.1 Myndir.


Þessar brautir verða notaðar.

Braut N1 fyrir alla flokka nema Optimist flokk. Braut N2 fyrir optimist flokk


KEPPENDUR VERÐA ALLTAF AÐ SIGLA MILLI KEPPNISSTJÓRABÁTS OG RÁSMERKIS

SM 2019/2020 Regla 108

N1



N2



- 10 BAUJUR
 - 10.1 Keppnisbaujur eru appelsínugulir belgir sem keppnisstjórn setur út.
- 11 HINDRANIR
 - 11.1 Hindranir eru land eða grunnsævi.
- 12 RÆSING
 - 12.1 Keppnir verða ræstar samkvæmt reglu 26 með viðvörðunarkerki 5 mínútum fyrir rásmerki.
 - 12.2 Ráslína markast af appelsínugula flagginu á keppnisstjórabát á stjórnborða ráslínu og bauju við bakborðsenda línu.
 - 12.3 Bátar sem hafa ekki fengið viðvörðunarkerki fyrir ræsingu skulu halda sig fjarri rássvæði á meðan ræsing annarra keppna fer fram.
- 13 BREYTINGAR Á BRAUT
 - 13.1 Braut N1 er hægt að stytta. Merkjaflagg S þýðir stytting á braut.
- 14 ENDAMARK
 - 14.1 Marklína verður milli keppnisstjórnarbáts. Endamark er milli bláum fána og bauju við bakborðsenda endamarkalínu.
- 15 REFSINGAR
 - 15.1 Refsingar fyrir brot á reglum eru samkvæmt RRS.
- 16 TÍMAMÖRK [OG ÁÆTLAÐIR TÍMAR]
 - 16.1 T.d. Bátur sem ekki hefur farið yfir marklínu 20 mínútum eftir að fyrsti bátur kemur í mark í viðkomandi flokki telst ekki hafa siglt braut (DSC) án kærumeðferðar. Þetta breytir reglu 35, A5.1 og A5.2 .
- 17 KÆRUR OG BEIÐNIR UM LEIÐRÉTTINGAR
 - 17.1 Frestur til að kæra eða biðja um leiðréttingar verður 90 mínútur eftir að síðasti bátur hefur klárað keppni. Þetta breytir reglum 61,3 og 62,2.
 - 17.2 Kærueyðublöð eru fánleg hjá keppnisstjórn eða á heimasíðu félagsins <http://brokey.is/keppnismal/keppnisgogn/>
- 18 Stigagjöf
 - 18.1 Stigagjöf verður samkvæmt lágstigakerfi í viðauka A (RRS).
 - 18.2 Einni umferða þarf að ljúka svo mótið teljist gild.
 - 18.3 Ef kepptar verða fimm eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni lökustu keppni.
- 19 ÖRYGGISREGLUR
 - 19.1 Bátur sem hættir keppni skal láta keppnisstjórn (RC) vita um leið og hægt er.
- 20 SKIPT UM ÁHAFNARMEÐLIMI EÐA BÚNAÐ
 - 20.1 Óheimilt er að skipta um áhafnarmeðlim eða skipta um skemmdan eða glataðan búnað án heimildar frá keppnisstjórn. Beiðni um slíkt gæti þurft að tilkynna keppnisstjórn eftir keppni.

21 MÆLINGAR OG SKOÐUN

21.1 Bátur eða búnaður getur verið tekinn til skoðunar hvenær sem er til að fylgja eftir flokkareglum, tilkynningu um keppni eða kappsiglingafyrirmælum.

22 KEPPNISSTJÓRNARBÁTAR

23.1 Keppnisstjórnarbátur er blár öryggisbátur af gerðinni VRS.

24 ÞJÁLFARAR OG STUÐNINGSLIÐ

24.1 Þjálfarabátar og aðrir skulu halda sig utan keppnissvæðis eða á skilgreindu svæði frá því að viðvörunarmerki er gefið uns allir bátar hafa lokið keppni eða hætt keppni eða keppnisstjórn hefur gefið frestunarmerki, almenn afturköllun eða keppni hætt.

25 SORPLOSUN

25.1 Sorp má setja um borð í þjálfara eða stuðningsbáta.

26 BRYGGJUPLÁSS

26.1 Bátar skulu geymdir á úthlutuðum stað á meðan þeir eru í landi. Passa skal að geyma ekki báta göngustíg fyrir framan félagsheimilið.

27 VERÐLAUN

27.1 Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokk sem keppt er í.

28 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR

28.1 Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 3, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur án tillits til orsakatengsla. Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 3 (RRS).